

Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna vegna tillögu ungmennaráðs Kjalarness um aukna fræðslu um lýðræði

Lagt er til að skóla- og frístundasvið láti taka saman það námsefni sem grunnskólum stendur til boða og fjallar um lýðræði og lýðræðislega þátttöku og útbúi kennsluleiðbeiningar sem skólar geti fylgt í þeirri vinnu. Einnig verði staðið fyrir reglulegum námskeiðum fyrir kennara og starfsfólk félagsmiðstöðva um hvernig megi haga námi um lýðræði og byggja upp lýðræðislega þátttöku í skóla- og frístundastarfi í samræmi við nýja lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Miðað verður við að fyrstu námskeiðin verði haldin haustið 2022.